

Fundargerð stjórnar BÍS 11/2011.

Skátamiðstöðin, Hraunbæ 123, miðvikudaginn 25. maí 2011 kl. 17:30

Mættir:

Finnbogi Finnbogason, gjaldkeri, Halldóra G. Hinriksdóttir, aðstoðarskátahöfðingi, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, formaður alþjóðaráðs, Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs, Jón Ingvar Bragason, formaður dagskráráðs, Benjamín Axel Árnason, formaður upplýsingaráðs og Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri.

Fjarverandi:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi og Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri.

Dagskrá:

1. Setning: HH setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Fundargerð síðasta fundar: Samþykkt
3. Starfsyfirlit og fundargerðir: Starfsyfirlit skrifstofu og fundargerð fararstjórnar Jamboree lágu fyrir. Starfsyfirlit formanna alþjóðaráðs og upplýsingaráðs lágu ekki fyrir.
4. Fjármál. FF kynnti 3ja mánaða uppgjör BÍS. Fjárhagsstaðan er í jafnvægi.
5. Sveitaforingjahandbók drekaskáta: Athugasemdum frá formönnum ráða skilað inn til ritstjóra til úrvinnslu. BAÁ sendir stjórnarmönnum útdrátt úr Sveitaforingjahandbók dróttskáta. Athugasemdum og umsögn skal skilað inn fyrir næsta stjórnarfund.
6. Úlfljótsvatn: Almennar umræður voru um málefni Úlfljótsvatns.
7. Fjárlagagerð Alþingis 2012: Umræðu frestað til næsta fundar.
8. Vinnufundur stjórnar, ráða og vinnuhópa BÍS: HH fór yfir dagskrá fundarins. Fyrir hádegi verður lögð áhersla á kynningu og umræður um starfsreglur stjórnar, starfsáætlun stjórnar, ráða og stærri vinnuhópa og stefnumótun SSR verður kynnt. Eftir hádegi verður lögð áhersla á innleiðingu nýrrar skátadagskrár, farið verður yfir helstu þætti dagskrárinnar og innleiðingarverkefnisins í sumar og haust og helstu vegvísa og vörður á leiðinni.
9. Önnur mál:
 - a. Almannaheill: Samþykkt fyrirleggjandi tillaga um að tilnefna Júlíus Aðalsteinsson sem frambjóðanda í stjórn Almannaheilla.
 - b. Skátaping 2012: Frestað til næsta fundar.
 - c. Vinnuhópur um RS. Þjófstart: JIB lagði fram tillögu að vinnuhópi: Andri Týr Kristleifsson, Jakob Guðnason, Óskar Eiríksson, Smári Guðnason, Daníel Hrafn Kristleifsson, Karl Njálsson, Guðmundur Sigurðsson, Ásgeir Björnsson, Óskar Svanur Erlendsson og Heiðar Smári Þorvaldsson. Samþykkt.
 - d. JOTI Coordinator. Stjórn samþykkir að skipa Atla B. Bachmann í embætti JOTI Coordinator á Íslandi til næstu áramóta. Stjórn óskar eftir að fyrir þann tíma færi fram stefnumótandi vinna um framtíð JOTI og að sú vinna verði leidd áfram að formanni alþjóðaráðs og forsvarsmanni JOTI á Íslandi. Stjórn þakkar öðrum umsækjendum sýndan áhuga á starfinu.
 - e. Skipan vinnuhóps um skátaheitið: HGH tilkynnti að vinnuhópurinn sé að taka á sig mynd og stefnt er að fundi í fyrstu vikunni í júní.
 - f. Afmælisár 2012: Ákveðið að boða formann afmælisnefndar á næsta fund.
 - g. Heiðursmerki. Á landsþingi Slysvarnarfélagsins Landsbjargar þann 13. Maí sl. afhenti Skátahöfðingi Íslands Sigurgeiri Guðmundssyni, formanni SL þórshamarinn úr gulli fyrir gott samstarf á milli eininganna.

Fleira ekki rætt
Fundu slitið kl. 19:35
Fundargerð ritaði HS.